

Skrifborð, fundarborð og hirslur

Upplýsingar um ábyrgð

10

BEKANT, IDÅSEN, GALANT
og TROTTE



Daglegt líf heima og í vinnunni gerir miklar kröfur til skrifstofuhúsgagna. BEKANT hirslur, IDÅSEN línar, GALANT hirslur og TROTTEEN línar hafa verið prófaðar fyrir notkun í atvinnuskyni (EN 527-2, EN 527- 3, EN 1730 og ANSI/BIFMA X:5.5 fyrir skrifborð, EN 1730 og EN 15372 fyrir fundarborð, EN 14072, EN 14073, EN 14074, EN 14749 og ANSI/BIFMA x5.9 fyrir hirslur) og standast ströngustu kröfur um gæði og endingu.

Við bjóðum upp á 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni, framleiðslu og virkni á öllum aðalhlutum BEKANT hirslna, IDÅSEN línunnar, GALANT hirslna og TROTTEEN línunnar.

Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

10

Skrifstofuhúsgögnin sem talin eru upp í þessum bæklingi eru með 10 ára ábyrgð.

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær yfir galla í efni, framleiðslu og virkni á öllum aðalhlutum BEKANT hirslna, IDÅSEN línunnar, GALANT hirslna og TROTTEEN línunnar.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær ekki yfir:

- BEKANT skilrúm
- ROTHULT snjallrás

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar eða settar saman á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispúr eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið höfð utandyra, í beinu sólarljósi í langan tíma eða þar sem er raki, til dæmis inni á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Aukahlutir sem ekki hafa áhrif á grunnvirkni vörunnar eru ekki innifaldir í ábyrgðinni.

Umhirðuleiðbeiningar

Hertu skrófur eftir tvær vikur og kannaðu ástand þeirra reglulega, um tvisvar á ári.

Yfirborðsfletir: Þrífðu með klút vættum með vatni eða mildri sápu. Þurrkaðu með þurrum klút.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is.

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og nauðsynleg til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband í gegnum IKEA.is eða hringdu í 520 2500.

